

6/2 65

SKÓGARVÖRÐURINN Á SUÐVESTURLANDI

EINAR G.E. SÆMUNSEN

S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 6 4

=====

S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 6 4

Skógarvörðurinn á Suðvesturlandi

Girðingar:

Girðingum Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var haldið við á svipaðan hátt og undanfarin ár. Fóru til þessa álika mörg dagsverk og áður. Aðkallandi er að endurgirða Laugarvatnsgirðingu austan Skjálfskvía hið bráðasta.

Settir voru upp göngustigar á Laugarvatnsgirðingu og í Furu-
lundinn á Þingvöllum. Þverslá var sett á veginn upp í Haukadals-
hlíðar við Kaldalæk.

Gróðursetning:

Í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var gróður-
sett sem hér segir:

<u>Í Haukadal (vorið)</u>			
	6026	200 birki	3/0 Hall.
	2123	2.000 rauðgreni ..	2/2 Otteröy
6026 ca 500 stk í hagi	2122	5.000 sitkagreni .	2/2 Homer <i>Wald inni 67</i>
	6026-27	500 bergfura ...	3/0 Pyr.
		500 -	2/2 -
	2126	1.000 evrópulerki	2/2 Tyrol
	2125	2.000 fjallapöll .	2/4 Lawing 2120
	2121	10.000 stafafura ..	2/2 Skagway 2121
<u>Í Haukadal (í ágúst)</u>			
	2124	39.400 rauðgreni ..	2/4 N-Tröndelag
		5.000 -	2/3 Bindal
<u>Að Laugarvatni</u>			
		500 rauðgreni ..	2/2 Otteröy
		400 -	2/3 Bindal
		800 sitkagreni .	2/3 Seward
		300 bergfura ...	3/0 Pyr.
		2.500 stafafura ..	2/2 Skagway
<u>V-Íslendingareitur, Þingv.</u>			
		1.000 hvítgreni ..	2/3 Fairbanks ✓
		1.000 broddfura ..	3/3 Sapinero ✓
		2.000 stafafura ..	2/2 Skagway ✓
<u>Í Straumsgirðingu</u>			
		100 bergfura ...	3/0 Pyr.
		1.000 broddfura ..	3/3 Sapinero

Í Haukadal gróðursettu nemendur úr IV bekk Kennaraskólans undir leiðsögn og kennslu skógræktarstjóra dagana 25-29 maí, en síðan Greipur Sigurðsson við annan mann.

Norðmenn gróðursettu í Haukadal 5-17 ágúst. Þetta var hluti af hópi þeim, sem kom til Íslands í skiptiferð á vegum Skógræktarfélag Íslands. Þegar flest var störfuðu 29 norðmenn við gróðursetninguna, þar af meginhlutinn stúlkur, eða 19 talsins. Í þessum hópi voru báðir fararstjórnarnir um sinn, þeir Einar Meland fylkeskogmester og Fröystein Ringset bóndi, en flokksforingi norðmanna í Haukadal var Asbjörn Sandslett herredsskogmester í Förde.

Bezta veður var alla gróðursetningardagana í Haukadal, en sól var í meira lagi vegna plantnana, en þær voru, sem betur fer, nær allar leirbornar.

Norðmennirnir sváfu í hótelinu við Geysi hjá Sigurði Greipsyni og voru þar einnig í fæði. Var þar þeginn árbítur árla morguns áður en farið var til vinnu, en hádegisbiti etinn á vinnustað. Um kvöldið var svo aðalmáltíðar neytt í hótelinu.

Reist var flekahús á vinnustað til þess að matast, svo og til geymslu og skjóls ef eitthvað var að veðri. Virtust norðmennirnir mjög ánægðir með allan aðbúnað.

Gróðursett var bæði vor og sumar í svæði það, sem var rása- rutt í fyrra, þ.e. svæðið innan við Kjaftapverbraut milli brauta; er þessi spilda nú fullgróðursett. Neðan neðribrautar kringum flekahúsið voru ruddar rásir í ágústbyrjun og síðan gróðursett í þær.

6025 Gróðursettar voru um vorið í plógförin (Greipur Sigurðsson) sunnan Beinár og vestan Brennigils (austast í svæðið) um 1.200 plöntur (bergfura, birki og sitkagreni) og um sumarið (norðmenn) um 3.500 rauðgreni. Í sumargróðursetninguna er gert ráð fyrir að setja eina bergfuru eða fjallafuru á milli hverra tveggja greni-plantna næsta vor.

Til gróðursetningar næsta vor og sumar er allt hið plægða svæði milli Beinár og Almenningsár, um ha að stærð og er þar rúm fyrir um plöntur. Til þess að auðvelda starfið þar, er nauðsynlegt að brúa Beiná vestan kirkju og leggja vegslóða um hið plægða land og út á Kotholtið.

Brýn ástæða er að ljúka gróðursetningu í hið plægða svæði nú þegar, þar sem vinnan við gróðursetninguna verður því erfiðari, sem lengra líður frá plægingu. Bezt er að plægja að hausti og gróðursetja næsta vor.

Að Laugarvatni gróðursettu nemendur úr héraðsskólanum á Laugarvatni undir stjórn Þórarins Stefánssonar eins og undanfarin ár.

Í reit Vestur-Íslendinga á Þingvöllum gróðursetti vinnuflokkur úr Reykjavík og einnig var borinn tilbúinn áburður að eldri plöntum.

Í Straumi gróðursetti landnemi og vinnuflokkur úr Reykjavík og þar var borinn tilbúinn áburður að eldri plöntum.

Vegagerð:

Vegir í Haukadál voru lagfærðir eftir þörfum. Allmikil skemmd varð á veginum í Vestara-Kjafstsgili svo og í Brennigili. Hið fyrra var lagfært, en hið síðara er óbætt að mestu og þarf hið fyrsta að brúa Brennigilið.

Skjólbelti:

Lokið var gróðursetningu skjólbelta að Gunnarsholti. Gróðursett var að þessu sinni:

2.600	sitkagreni	2/3	Homer
2.400	-		Seward
300	viðjur		

Fóru plöntur þessar í síðasta beltið, þar sem viðja var gróðursett í jafarrásir í fyrra. Einnig var bætt inn á stöku stað greni í eldri beltin í Gunnarsholti, en vanhöld í þeim eru miklu minni en buast hefði mátt við miðað við trjáskemmdir, sem urðu annarsstaðar í þessum landshluta vorið 1963.

Endurnýja þarf jafarrásir, gróðursettar 1963, í fjórða langbelti en þurrkur það sumar og svo illgresi sem komst upp í þessu belti, grönduðu verulegum hluta plantnanna.

Á Þórustöðum voru öll dauð tré höggvin og tekin burt og eru nú eftir aðeins fáein sitkagreni en sitkabastarður allur farinn. Á viðjunni sér ekkert og þingvíðirinn er að koma upp frá rótum. Birkið er að sjá gróskumikið og fallegt. Horfið var frá því að bæta sitkagreni inn í raðirnar að þessu sinni.

Á Hvítárbakka og Hvanneyri eru þrífir í skjólbeltum jöfn og örugg. Þar hafa vanhöld engin orðið í greninu og nú er þingvíðirinn að skjóta upp af rótum. Athyglisvert er að gljávíðir, sem gróðursettur var á Hvítárbakka í tilraunaskyni, fylgir viðjunni fast eftir að vaxtarhraða, en höfuðkostir hans, sem hann hefir fram yfir viðjuna er sá, að hann heldur blöðum sínum grænlitum allt fram í nóvember og fellir þau ekki fyrr en undir hátíðar. Veitir hann því betra skjól í hausthretum en viðjan.

Að Víðivöllum í Fnjóskadal var hafin ræktun skjólbeltis; er það í túnjaðri og er þvert á aðalvindáttir dalsins - norður og suður. Belti þetta er um 300 m að lengd og fóru í það:

1.200	viðjur
600	hvítgreni 2/3 Fairbanks

Illgresishirðing fór fram á sama hátt og undanfarin sumur og voru að mestu leyti notuð hin sömu illgresiseyðingarlyf og sumarið áður. Veður var þó lengst af óheppilegt til úðunar síðastliðið sumar. Of kalt og hvasst þegar þurrt var, en rigning á þeim tíma sem helzt hefði þurft að úða. En þó má telja árangurinn viðunandi.

Ferðalög:

Eftirlit á Suðvesturlandi var hagað á sama hátt og undanfarin ár. Fylgdu því allmikil ferðalög svo og umsjón allri með skjól-beltatílraununum.

Skemmdir, lús og þrif:

Við lauslega athugun á framhaldi skemmda af völdum aprílveðursins 1963, skal þetta tekið fram: Allvíða hafa sitkagrenitré hér á Suðvesturlandi drepist sumarið 1964, sem græn voru um vorið. Var all áberandi að þau gulnuðu og misstu barrið ofan að miðju en héldu neðstu greinunum óskemmdum. Er hér átt við hin stærri tré. Nú í vetur hafa verið nokkur brögð að því, að sitkagreni hafa brotnað um þvert, nálægt miðju. Kemur þar greinilega í ljós skemmd í vaxtarlagi, sem ~~hér~~ að kalla hringurinn í kring og er þá börkurinn laus á nokkrum kafla. Þessi tré eru flest græn upp í topp, en kominn fúi í stofninn út frá skemmdum þeim, sem áður er lýst. Við athugun á þessum trjám kemur í ljós að börkurinn er laus frá og vaxtarlagið þurrt, miklu víðar, en unnt er að greina áður en tréð er fellt.

Í kirkjugarðinum í Fossvogi, svo og í garði Sveinbjörns Jónssonar, er mjög áberandi að elztu árgangar sitkagrenisins, þ.e. frá 1937-1944, eru að kalla lausir við þessar skemmdir.

Sitkagrenilúsin minnsta, herjaði á sitkagreni í Reykjavík sl. haust og tók að bera á skemmdum af hennar völdum seinni hluta septembermánaðar. Var þá orðið um seinan að úða trén og hafa skemmdirnar orðið mjög tilfinnanlegar í gördum í Reykjavík.

Sumarið var langt undir meðallagi að hita til og vöxtur og þrif trjágróðurs hvarvetna í minna lagi. Hér fylgir með sérstök skýrsla um meðalhita og úrkomu sumarmánaðanna á Heiðmörk og í Reykjavík. X) *Kennu síðar*

Gestir:

Snemma vors kom hingað góður gestur frá Skotlandi, hr. Maxwell. Fór ég með honum á Þingvelli, í Haukadal og víðar um Suðurlandsundirlendi og greiddi för hans hér um nágrennið og upp í Borgarfjörð.

Í ágúst mánuði komu í Haukadal forustumenn Skógræktarfélags Noregs. Þeir voru ~~þrjú~~ saman og voru samferða norska skógræktarfélkinu hingað, en fóru heim á undan því eftir allmiklar kynnisferðir um landið.

Áður er getið hinna 29 norðmanna, sem unnu í Haukadal í ágúst mánuði. Í september kom hingað danskur skógræktarstúdent á leið sinni frá Grænlandi. Heitir hann Piet Draiby. Fór ég með honum á Þingvelli og nágrenni borgarinnar. Loks skal getið finnsks skógræktarmanns, Gripenberg, sem skoðaði skógræktarstöðina í Fossvogi og var sýnt nágrenni Reykjavíkur.


Fulltrúar og gestir á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var að Laugarvatni 28. og 29. ágúst, komu í Haukadal og skoðuðu þar eldri og yngri gróðursetningar.

Ýmislegt:

Bifreiðin R 6656 var notuð við öll störf í Haukadal, við skjólbeltavinnu sumarlangt, svo og við girðingarvinnu og eftirlit. Hún var leigð Landgræðslusjóði frá miðjum nóvember til jóla vegna jólatrjásoölu sjóðsins.

Ég sá um afgreiðslu girðingarefnis á vegum Skógræktar ríkisins í Reykjavík eins og undanfarin ár.

Reykjavík, 1. febrúar 1965.


Einar G.E. Sæmundsen